



Íslandsdeild hnattrænna jarðvanga (Íslandsdeild GGN)

1. grein – Meðlimir

- (i) Allir jarðvangar landsins í Global Geoparks Network (GGN)
- (ii) Íbúar sem eiga einstaklingsaðild að GGN
- (iii) Íbúar með heiðursaðild að GGN
- (iv) Samstarfsaðilar GGN í landinu sem veita GGN umtalsverðan stuðning

2. grein – Hlutverk

Íslandsdeildin samþæfir störf jarðvanganna og aðila hennar

Íslandsdeildin getur t.d. staðið fyrir eftirfarandi:

- Miðlun upplýsinga, málstofum og námskeiðum
- Samskiptum við sveitarfélög, landshlutasamtök og ríki í þágu GGN
- Skipuleggja jarðvangsráðstefnur og samstarfsverkefni, taka þátt í ferðaráðstefnum og gerð kynningarefnis

Íslandsdeildin skal skila ársskýrslu til GGN

3. grein - Stjórn

Skipa má stjórn deildarinnar (Coordination Committee) sem stýrir henni. Hún kýs sér formann, varaformann og einnig er hægt að skipa ráðgefandi nefnd (Advisory Committee). Formaður eða varaformaður er fulltrúi deildarinnar í Ráðgefandi nefnd hnattrænna UNESCO jarðvanga (GGN-AC). Einnig má skipa formenn vinnuhópa Íslandsdeildarinnar

3.1 Stjórn Íslandsdeildarinnar

Stjórnin er ákvörðunaraðili deildarinnar. Hún fundar reglulega, a.m.k. árlega, á víxl í jarðvöngunum, til að ræða starfsemina.

Í stjórninni sitja tveir opinberir fulltrúar jarðvanganna, og aðrir meðlimir skv. 1. grein.

Enginn getur verið fulltrúi fleiri en eins jarðvangs. Fylgja skal siðareglum GGN.

3.2 Ráðgefandi nefnd

Deildin veitir hvers konar ráðgjöf varðandi jarðvanga landsins. Í deildinni eru 4 – 7 manns, þar af formaður og varaformaður stjórnar. Tveir skulu skipaðir af stjórn til tveggja ára í senn. Skipa má allt að tvo nefndarmenn úr hópi einstaklingsaðila.

3.3 Formaður og varaformaður stjórnar

Þessir aðilar eru ábyrgir fyrir starfi deildarinnar. Þeir eru kjörnir af stjórninni úr hópi tilnefndra frá jarðvöngunum og þeirra sem eru með einstaklingsaðild, til tveggja ára í senn, en endurnýja má umboð þeirra oftár en einu sinni. Formaður eða varaformaður er fulltrúi landsins í GGN-AC.

Formaður og varaformaður hafa eftirfarandi skyldur:

- Skipuleggja fjarfundi deildarinnar á þriggja mánaða fresti
- Sjá um val á skipuleggjanda árlegs jarðvangsfundar/ráðstefnu
- Miðla upplýsingum til nefndarinnar frá GGN/EGN
- Sjá um þýðingu á gögnum frá GGN
- Stuðla að gerð kynningartóla, t.d. facebook síðu, vefsíðu, fréttabréfs o.s.frv.

3.4 Tilnefndir fulltrúar Íslandsdeildarinnar

Hver jarðvangur skal tilnefna tvo einstaklinga í deildina, annar með menntun á sviði jarðvísinda (í víðri merkingu) og reynslu í jarðminjavernd og/eða kynningarstarfi, og hinn starfsmaður jarðvangs (eða fulltrúi sveitarfélaga) eða sérfræðingur í byggðapróun, ferðamennsku eða samfélagsmálum.

Samstarfsaðilar geta tilnefnt einn fulltrúa í Íslandsdeildina

3.5 Sérstök staða

Heiðursaðilar og samstarfsaðilar geta ekki verið í stjórn

3.6 Aðsetur

Stjórn ákveður aðsetur stjórnar. Heimilt er að hafa það til skiptis í jarðvöngunum

3.7 Kosningar

Kjör formanns og varaformanns, og ráðgefandi nefndar, fer fram á ársfundi annað hvert ár

4. grein – Starfsreglur

4.1 Samhæfing í starfi jarðvanga

Hnattrænir jarðvangar skulu gæta þess að starfsemi þeirra sé í anda samvinnu við aðra jarðvanga

4.2 Notkun samsetts merkis GGN (combined logo)

Hver jarðvangur má nota nafn og merki GGN ásamt nafni Íslandsdeildarinnar og vinna þannig að þróun gæðavitundar í anda jarðminjaverndar og sjálfbærrar þróunar

4.3 Fundir Íslandsdeildarinnar

Stjórn deildarinnar fundar a.m.k. árlega (einu sinni í tengslum við opin ársfund).

4.4 Skýrslur

Ársskýrslu með yfirliti um starfsemi og árangur liðins árs skal Íslandsdeildin skila í síðasta lagi 31. mars og verður hún gerð aðgengileg á heimasíðu GGN

4.5 Dagskrá

Fyrir hvern fund skal dreifa drögum að dagskrá og skráningarformi með tölvupósti. Hver aðili er ábyrgur fyrir að bregðast við og taka þátt í umræðum

5. grein – Nefndir og starfshópar

Íslandsdeildin getur skipað nefndir/starfshópa vegna einstakra verkefna og til að vera farvegur fyrir umræðu milli aðila með svipaða sérþekkingu og áhuga

6. grein – GGN ráðstefnur/fundir

Skipuleggi Íslandsdeildin hnattræna jarðvangsráðstefnu, árlega eða á tveggja ára fresti, má halda hana á víxl í jarðvöngunum og getur hún þannig verið öflugt tæki til kynningar á jarðvöngunum og starfsemi þeirra.

Sérhver jarðvangur ætti að taka þátt í slíkum viðburðum með fyrirlestri eða veggspjöldum um árangur jarðvangsins, starfsemi og reynslu.

7. grein – Gildistaka

Þessar starfsreglur Íslandsdeildarinnar taka gildi þegar stjórn GGN hefur staðfest þær í samræmi við samþykktir GGN.